

## ✉ Re: Ósk um umsögn, Laugarvatn þéttbýli, heildarendurskoðun deiliskipulag 2008002 -

Búið til	20.11.2020 09:06:00
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	20.11.2020 09:05:57
Tilheyrir	📁 202010-0012 - Ósk um umsögn, Laugarvatn þéttbýli, heildarendurskoðun deiliskipulag

### Efni

Re: Ósk um umsögn, Laugarvatn þéttbýli, heildarendurskoðun deiliskipulag 2008002 -

### Upplýsingar

Sent	20.11.2020 09:05:57	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Vinnsla

### Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	stella@utu.is

### Innihald

Tilvísun í málsnr. 202010-0012 (OKV, TB)

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Bláskógabyggð, dags. 8. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um endurskoðun deiliskipulags þéttbýlisins að Laugarvatni.

Eins og kemur fram hér að framan nær endurskoðun deiliskipulagsins við Laugarvatn fyrst og fremst til uppbyggingu meðfram Laugarvatnsvegi og Lyngdalsheiðarvegi og við vatnið á reit 4.

Meðfram vegunum tveimur er byggingarland fyrst og fremst tún á framræstum mýrum og skógrækt við þorpið að vestanverðu. Landið er að mestu nú þegar meira og minna manngert á þessu svæði. Kjarrskógavist virðist í sókn við þorpið austanvert en þar eru sömuleiðis framræstar mýrar að hluta. Sökum þess hve þarna er mikið um framræstar mýrar er nokkuð víst að þarna er þykkur og frjósamur jarðvegur og landið því bæði verðmætt sem landbúnaðarland og kolefnisgeymir. Kjarrskógavist hefur hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Vistgerðin er í sókn víða á þessum slóðum.

Ekki er ákjósanlegt að taka ræktarland, eða verðmætar vistgerðir, undir byggingaland enda um takmarkaða auðlind að ræða. Við framkvæmdir þyrfti að lágmarka neikvæð áhrif á gróður og jarðveg á byggingasvæðum og huga nýtingu á því efni sem upp úr kemur. Rétt er að benda á að nú er verið að vinna að breytingum á Landsskipulagi. Þar undir m.a. aðlögun að loftslagsbreytingum þar sem m.a. er gert ráð fyrir að sveitarfélög marki stefnu í vernd og endurheimt votlendis sem hluta af því, sjá kafla 5 <https://www.skipulag.is/media/landsskipulagsstefna-vidbaetur/Tillaga-ad-vidauka-vid-landsskipulagsstefnu-2015-2026.pdf> (<https://www.skipulag.is/media/landsskipulagsstefna-vidbaetur/Tillaga-ad-vidauka-vid-landsskipulagsstefnu-2015-2026.pdf>).

Reitur 4 - stofnanir og miðsvæði, liggur alveg að vatnsbakka og gert er ráð fyrir bátabryggjum og bátaskýli í grennd við hitaveituna. Jarðhiti er í kringum hitaveituna og í grennd við hana m.a. við vatnsbakkann. Þar er þekktur vaxtarstaður vatnsagnar (*Crassula aquatica*), sem er á valista og metin í bráðri hættu (CR, <https://www.ni.is/biota/plantae/tracheophyta/magnoliopsida/crassulaceae/vatnsogn-tillaea-aquatica>) (<https://www.ni.is/biota/plantae/tracheophyta/magnoliopsida/crassulaceae/vatnsogn-tillaea-aquatica>). Hún fannst síðast árið 2003 á þessu svæði ([https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_50.pdf](https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_50.pdf)Hörður ([https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_50.pdf](https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_50.pdf)Hörður)). Í sumar var farið þangað en þá fannst tegundin ekki við vatnsbakkann en ekki var unnt að leita hennar innan rammgerðrar girðingar í það skipti en það þarf að gera. Gert er ráð fyrir göngustíg með vatnsbakkanum yfir þetta svæði og svo virðist sem þarna sé nú þegar göngustígur að hluta.

Gæta ætti sérstakrar varúðar við jarðhitasvæði við bakka Laugarvatns, þar eru sérstæð og viðkvæm gróðursamfélög með hátt verndargildi sem hýsa/geta hýst fágætar plöntutegundir. Á þessu þarf að taka en ekki horfa framhjá því þ.e. kanna þarf aðstæður/náttúruvar og skipleggja nýtingu í samræmi við vernd náttúru svæðisins. Vel má vera að vernd og nýting fari saman ef rétt er að verki staðið. Að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir framkvæmdum við vatnsbakkann.

Ekki er ljóst af hvaða ástæðum hverfisvernd var tekin af vatnsbakkanum í skipulaginu en eingöngu vísað til svæðis á náttúruminjaskrá.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að á svæði eins og Laugarvatni þar sem mikil nánd er við viðkvæma náttúru sé alltaf leitað leiða til að raska náttúrunni sem minnst og á það bæði við rask á búsvæðum og mengun. Rétt er í þessu sambandi að minna á tillögu Náttúrufræðistofnunar um að Laugarvatn fari á B-hluta náttúruminjaskrá <https://www.ni.is/midlun/natturuminjaskra> (<https://www.ni.is/midlun/natturuminjaskra>), Laugarvatn-Apavatn-Brúar, sjá <https://www.ni.is/node/21653> (<https://www.ni.is/node/21653>), vegna Jarðhitavistgerða/jarðhitalækja, og sem á / Brúará á yngri berggrunni ásamt fuglalífi. Hvað Laugarvatn snertir þá er um sama svæði að ræða og er á náttúruminjaskrá og ekki líklegt að þær breytingar sem hér eru til umfjöllunar hafi áhrif á verndartillögunar að öðru leiti en því sem nefnt er hér að framan um jarðhitavistgerðir/tegundir.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær

Sími/Tele: 590 0500

Email: [trausti@ni.is](mailto:trausti@ni.is) (mailto:trausti@ni.is)



---

**From:** "Stella Rúnarsdóttir" <[stella@utu.is](mailto:stella@utu.is)>

**To:** "hsl@hsl.is" <[hsl@hsl.is](mailto:hsl@hsl.is)>; "sigrun@hsl.is" <[sigrun@hsl.is](mailto:sigrun@hsl.is)>; "axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is" <[axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is](mailto:axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is)>; "ust@ust.is" <[ust@ust.is](mailto:ust@ust.is)>; "kristinn@minjastofnun.is" <[kristinn@minjastofnun.is](mailto:kristinn@minjastofnun.is)>; "uggi@minjastofnun.is" <[uggi@minjastofnun.is](mailto:uggi@minjastofnun.is)>; "Rannveig María Jóhannesdóttir - VG" <[rannveig.m.johannesdottir@vegagerdin.is](mailto:rannveig.m.johannesdottir@vegagerdin.is)>; "Erna Bára Hreinsdóttir - VG" <[erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is](mailto:erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is)>; "skrifstofa@vedur.is" <[skrifstofa@vedur.is](mailto:skrifstofa@vedur.is)>; "Móttaka - NI" <[Mottaka@ni.is](mailto:Mottaka@ni.is)>; "ba@babubabu.is" <[ba@babubabu.is](mailto:ba@babubabu.is)>

**CC:**

**Subject:** Ósk um umsögn, Laugarvatn þéttbýli, heildarendurskoðun deiliskipulag 2008002 -

**Date:** 8.10.2020 10:40:51

Góðan daginn

Óskum eftir umsögn ykkar á meðfylgjandi greinargerð og uppdráttum fyrir heildarendurskoðun deiliskipulags þéttbýlisins að Laugarvatni.

Tillagan er í auglýsingu frá 7.október til 20.nóvember 2020.

*Bestu kveðjur,*

---

Stella Rúnarsdóttir

Ritari skipulagsfulltrúa

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.

Dalbraut 12, Laugarvatni

Sími: 480 5550

Netfang: [stella@utu.is](mailto:stella@utu.is) (mailto:stella@utu.is)

Vefsíða: [www.utu.is](http://www.utu.is) (<http://www.sbf.is/>)

## Viðhengi

image001.gif (2 KB)
---------------------

image001.gif (2 KB)
---------------------